

Múlaþing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 19. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0022
SS

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingar í Djúpavogi.

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 13. júní 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Múlaþings óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 vegna ýmissa landnotkunarbreytinga í Djúpavogi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 14. febrúar 2022 og um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingunni þann 25. júlí 2022. Einnig veitti stofnunin umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar við fráveituvirki við Langatanga, þann 4. maí 2022, sem varðar landnotkunarbreytingu um fráveitumannvirki sem er hluti af aðalskipulagsbreytingunni.

Til umfjöllunar í tillögunni eru stækkun á athafnasvæði og minnkun á hafnar- og þjónustusvæði við Innri-Gleðivík, stækkun á hafnarsvæði við Djúpavog, ný fráveitumannvirki, stækkun á íbúðasvæði við Fögruhlíðarklett og Hammersminni, ný sjólögn við Innri-Gleðivík og ný gönguleið. Breyting hefur orðið á tillögunni frá því að vinnslutillagan var lögð fram. Ekki er lengur til umfjöllunar ný vegtenging við athafnasvæðið við Innri-Gleðivík, umfjöllun um ferðamannabryggju hefur verið felld inn í almennari landnotkunarbreytingu um stækkun á hafnarsvæðinu og bætt hefur verið við umfjöllun um nýja gönguleið frá Löngubúð að Innri-Gleðivík.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillöguna kom fram að stofnunin teldi óheppilegt að votlendi sem væri undir sérstakri verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd yrði raskað með nýrri vegtengingu. Stofnunin telur því jákvætt að fallið hefur verið frá vegtengingunni og votlendinu hlíft.

Líkt og í fyrri umsögn er vísað í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu fráveitumannvirkis við Langatanga á Búlandsnesi varðandi ábendingar um atriði sem huga þarf að við framkvæmd þess.

Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins fyrir flestar skipulagsbreytingarnar nema að stofnunin telur full djúpt í árinna að meta uppbyggingu íbúðabyggðar við Fögruhlíðarkletta með engin áhrif á gróður og dýralíf. Óveruleg áhrif hlýtur að vera réttara mat því allri uppbyggingu fylgir rask sem getur haft einhver minniháttar en neikvæð áhrif á lífríki.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt að frekari ábendingum á síðari skipulagsstigum.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

